



Ársskýrsla 2015-2016

Leikskólinn Brimver/Æskukot



Sigríður Birna Birgisdóttir
Leikskólastjóri

Efnisyfirlit

1.	Almennar upplýsingar	3
1.1	Leikskóli (húsnæði, lóð, leikrými á barn, heildarrými o.fl.)	3
1.2	Breytingar og viðhald	3
2.	Starfsgrundvöllur	4
2.1	Áherslur og markmið	4
2.2	Mat á skólstarfinu, framkvæmd og niðurstöður	4
2.2.1	Umbótaáætlun	4
2.3	Skipulag	5
3.	Yfirlit yfir starfið á skólaárinu 2015-2016	6
3.1	Framkvæmd starfsáætlunar	6
3.2	Þróun og nýbreytni	6
4.	Starfsmenn	7
4.1	Starfsfólk, stöðuheiti og menntun	7
4.2	Fundir	7
4.3	Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun	8
5.	Börn	10
5.1	Fjöldi barna (aldur og dvalartímar)	10
5.2	Nemendur sem njóta sérkennslu	10
6.	Foreldrasamstarf	12
6.1	Markmið og áherslur	12
6.2	Foreldrafundir	12
6.3	Foreldraviðtöl	12
6.4	Fréttabréf	12
6.5	Foreldrafélög	12
6.6	Foreldraráð	12
7.	Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	13
7.1	Samstarf við skólajónustu	13
7.2	Samstarf við grunnskóla	13
	Lokaorð	14

1. Almennar upplýsingar

1.1 Leikskóli (húsnæði, lóð, leikrými á barn, heildarrými o.fl.)

Leikskólarnir Brimver á Eyrarbakka og Æskukot á Stokkseyri voru sameinaðir haustið 2012. Leikskólinn Brimver hóf starfsemi sína í mars 1975, þar eru tvær deildir, Kötlusteinn og Merkisteinn, þar geta að hámarki dvalið þar 39 börn samtímis. Leikskólinn Æskukot hóf starfsemi sína 11. október 1987, þar eru tvær deildir, Fiskaklettur og Bátaklettur, þar geta að hámarki dvalið þar 42 börn samtímis. Þessar tölur eru hafðar til viðmiðunar í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir „við ákvörðun um fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps“.

Brimver og Æskukot fengu báðir viðurkenningu sem heilsuleikskóli þann 10.10.2010. Æskukot fékk Grænfánann 15. júní 2010 og í annað sinn 10. október 2012. Brimver/Æskukot fékk Grænfánann afhentan í fyrsta sinn fyrir báðar starfstöðvar á Degi jarðar 22. apríl 2016.

Heilsustefnan er hjúpurinn utan um allt starfið þar sem lögð er áhersla á að auka gleði og vellíðan barnanna, efla félagslega færni einstaklingsins og stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla og Aðalnámsskrá leikskóla.

Vinátta, gleði, heilbrigði og sköpun eru leiðarljós leikskólans og eiga að vísa veginn við mótun leikskólastarfsins.

1.2 Breytingar og viðhald

Nýr leikfangaskúr var gerður á Brimveri vorið 2016 sem hlaut nafnið Steinskot. Gólfdukur var endurnýjaður á forstofu og salerni á Merkisteini á Brimveri. Eðlilegt viðhald var á báðum starfstöðvum en kominn er tími á að gera ákveðnar endurbætur á Brimveri, t.d. hafa vatnslagnir verið að valda vandræðum. Þar má bæta húsnæði og aðstöðu nemenda og kennara.

2. Starfsgrundvöllur

2.1 Áherslur og markmið

Skólastarf leikskólans byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 með breytingum sem tóku gildi 8. apríl 2009 og Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út í febrúar 2011. Aðalnámskráin er stefnumótandi leiðarvísir um starf leikskóla og hver skóli markar sér sína leið að markmiðum hennar með gerð skólanámskrár. Í skólanámskrá Brimvers/Æskukots koma fram áherslur og sérstaða í starfinu.

2.2 Mat á skólastarfinu, framkvæmd og niðurstöður

Mat á starfi skólans fer fram með fjölbreyttum hætti. Foreldrar eru boðaðir í viðtal tvisvar á ári í kjölfar skráningar í Heilsubók barnsins, þar fá foreldrar upplýsingar um barnið og skólastarfið og leitað er eftir álitum þeirra á skólastarfinu. Ákveðið mat fer fram á deildarstjórafundum, deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum. Á skipulagsdögum og starfsmannafundum er endur- og símenntun starfsmanna jafnframt sinnt.

Við úttekt að Grænfána var ákveðið mat lagt á skólastarfið þar sem leitað var eftir þátttöku nemenda og námssvið leikskólans skoðuð út frá markmiðum verkefnis. Þar má sjá það sem vel er gert og líka hugmyndir um það sem betur má fara. Í skýrslu Landverndar kemur fram að mjög vel er staðið að námsefnisgerð í tengslum við þemað lýðheilsu og áhugavert að lesa um þau verkefni sem unnin hafa verið. Sérlega vel var staðið að tengingu við Aðalnámskrá en markmið verkefnisins á tímabilinu tengjast vel grunnþáttum Aðalnámskrár, sérstaklega heilbrigði og velferð en einnig jafnrétti, lýðræði og mannréttindum og sjálfbærni. Sjálfbærni tengist í raun öllum grunnþáttum Aðalnámskrár og því tilvalið að tengja starfið við grunnþættina. Verkefnið sem fylgdi var fræðandi og skemmtilegt og hvetur til sköpunar og læsis auk ofantalinna þátta. Skýrslu Landverndar vegna úttektar að Grænfána má sjá á heimasíðu leikskólans.

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir vorið 2015 og starfsmannakönnun á vorönn 2016. Umbótaáætlun er unnin í kjölfarið þar sem lagt er mat á niðurstöðurnar og áætlun gerð um framhaldið.

2.2.1 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun er gerð út frá mati á skólastarfinu sem nefnt var hér að ofan. Í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár verður lögð áhersla á lýðræði, læsi og þátttöku í þróunarverkefninu „Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg“ sem skólasamfélagið í Árborg er að vinna að með styrk frá Sprotasjóði. Mikilvægt er að nýta þá vinnu til að skoða hvað verið er að gera til að efla hæfni nemenda/kennara og hvernig unnið er með leiðsagnarmat í skólastarfinu. Hafin er vinna við að uppfæra skólanámskrá leikskólans.

2.3 Skipulag

Leikskóladagatal sem samþykkt var fyrir skólaárið er ákveðinn rammi um skipulag á skólaárinu. Þar koma m.a. fram starfsdagar og viðburðir. Deildarstjórar gera dagskipulag deilda/hópa fyrir hvern dag sem fellur að skipulagi skólans og tekur mið af nemenda- og starfsmannahópnum hverju sinni. Bæjarstjórn Árborgar tók ákvörðun sl. vetur um að leikskólar væri opnir frá 7:45-16:30.

Sveitarfélagið Árborg



Leikskóladagatal 2015 - 2016

Nafn leikskóla: Heilsuleikskólinn Brimver - Æskukot

Heilsuleikskólinn Brimver - Æskukot

ÁRIST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1. L	1. Þ	1. F	1. S	1. Þ	1. F	1. M	1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. F
2. S	2. M	2. Þ	2. M	2. M	2. L	2. Þ	2. M	2. L	2. M	2. F	2. L
3. M	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. Þ	3. F	3. S
4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. F	4. M	4. F	4. F	4. M	4. M	4. L	4. M
5. M	5. L	5. M	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. Þ
6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. S	6. M	6. L	6. S	6. M	6. F	6. M	6. M
7. F	7. M	7. M	7. L	7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F
8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. Þ	8. F	8. M	8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. F
9. S	9. M	9. F	9. M	9. M	9. L	9. Þ	9. M	9. L	9. M	9. F	9. L
10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. F	10. S	10. Þ	10. F	10. S
11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. F	11. M	11. F	11. M	11. M	11. M	11. L	11. M
12. M	12. L	12. M	12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. S	12. Þ
13. F	13. S	13. Þ	13. F	13. S	13. M	13. L	13. S	13. M	13. F	13. M	13. M
14. F	14. M	14. M	14. L	14. F	14. F	14. S	14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. F
15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. Þ	15. F	15. M	15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. F
16. S	16. M	16. F	16. M	16. L	16. L	16. Þ	16. M	16. L	16. M	16. F	16. L
17. M	17. F	17. L	17. Þ	17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. Þ	17. M	17. S
18. Þ	18. F	18. S	18. M	18. F	18. M	18. L	18. F	18. M	18. M	18. L	18. M
19. M	19. L	19. M	19. F	19. L	19. L	19. F	19. Þ	19. F	19. F	19. S	19. Þ
20. F	20. S	20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. L	20. S	20. M	20. F	20. M	20. M
21. F	21. M	21. F	21. L	21. M	21. F	21. S	21. M	21. F	21. L	21. Þ	21. F
22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. Þ	22. F	22. M	22. L	22. F	22. S	22. M	22. F
23. S	23. M	23. F	23. M	23. L	23. L	23. Þ	23. M	23. L	23. M	23. F	23. L
24. M	24. F	24. L	24. Þ	24. F	24. M	24. F	24. M	24. S	24. Þ	24. F	24. S
25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. F	25. M	25. L	25. F	25. M	25. M	25. L	25. M
26. M	26. L	26. M	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. S	26. Þ
27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. S	27. M	27. L	27. S	27. M	27. F	27. M	27. M
28. F	28. M	28. F	28. L	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F	28. L	28. Þ	28. F
29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. Þ	29. F	29. M	29. L	29. F	29. S	29. M	29. F
30. S	30. M	30. F	30. M	30. L	30. F	30. M	30. L	30. F	30. M	30. F	30. L
31. M	31. L	31. M	31. F	31. S	31. M	31. L	31. F	31. M	31. Þ	31. F	31. S

3. Yfirlit yfir starfið á skólaárinu 2015-2016

3.1 Framkvæmd starfsáætlunar

Starfsáætlun var unnin með starfsfólki í góðu samstarfi með foreldraráði þegar undirritaður leikskólastjóri tók til starfa

3.2 Þróun og nýbreytni

Haldið var áfram með þá vinnu sem lagt var upp með veturinn 2014–2015 þegar farið var af stað með þróunarverkefnið *Árangursríkt læsi* sem unnið var í öllum leikskólum í Árborg. Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði leik-, grunn- og framhaldsskóla og fólst í því að efla læsi í leikskólunum. Læsi er einn af grunnþáttum skólastarfs á öllum skólastigum. Markmið verkefnisins var að auka hæfni, þekkingu og leikni barna í læsi með því að þróa markvissar sögu- og samræðustundir sem fram færu daglega, með áherslu á aukinn hlustunar- og málskilning barna, aukinn orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu.

Innleiðing að Grænfána. Skólinn náði því markmiði að fá að flagga Grænfánanum í fyrsta sinn á báðum starfsstöðvum, í Brimveri í fyrsta sinn og í þriðja sinn í Æskukoti. Þetta er mikilvægt skref í sameiningu, samstarfi og ákveðinn árangur í skólastarfi í Brimveri/Æskukoti. Við innleiðingu var lögð áhersla á þemað lýðheilsu sem fellur vel að heilsustefnunni. Fáninn var afhentur Brimveri/Æskukoti 22. mars á Degi jarðar.

Stærðfræði PALS. Í febrúar fóru fjórir kennarar leikskólans á PALS stærðfræðinámskeið. Í kjölfarið var ákveðið að prófa PALS stærðfræði með elsta árgangi leikskólans nú á vorönn. PALS stærðfræði er vel útfærð og fellur að námsþáttum leikskólans þar sem unnið er með samskipti, læsi, sköpun og leik um leið og unnið er með stærðfræði. Með því að nýta þessa aðferð í leikskólanum verður ákveðin tenging á námi nemenda á milli skólastiga og sameiginleg þekking kennara á námsaðferðum og námsefni. Handbókin fyrir leikskólastigið heitir á frummálinu *Peer Assisted Learning Strategies, Math Methods for Kindergarten* en hefur á íslensku hlotið heitið Þör að læra saman, stærðfræðiaðferðir fyrir leikskóla.

4. Starfsmenn

4.1 Starfsfólk, stöðuheiti og menntun

Í upphafi skólaárs urðu þær breytingar á starfsmannahaldi að M. Sigríður Jakobsdóttir, leikskólastjóri fór í ársleyfi. Sigríður Birna Birgisdóttir tók við stöðu leikskólastjóra og var þá um tímabundna ráðningu að ræða. M. Sigríðar Jakobsdóttur sagði starfi sínu lausu og í kjölfar auglýsingar og viðtala var ákveðið í júní 2016 að ráða Sigríði Birnu sem leikskólastjóra.

Í upphafi skólaárs var ákveðið að hafa staðgengla leikskólastjóra á báðum starfsstöðvum. Staðgengill á Brimveri er Vigdís Jónsdóttir sem einnig er deildarstjóri á Æskukoti er Drífa V. Ernhardsdóttir og er hún líka deildarstjóri. Ráðið var í stöðu sérkennslustjóra fyrir Brimver/Æskukot.

Stjórnunarteymi Brimvers/Æskukots skipa leikskólastjóri, fjórir deildarstjórar og sérkennslustjóri. Auk stjórnunarteymis hafa 18 manns starfað í leikskólanum í mislangan tíma.

Menntun er þannig: þrjú leikskólakennarar, einn grunnskólakennari, einn grunn- og framhaldskólakennari, einn tónlistarkennari, einn með félags- og tómstundafræði, þrjú leikskólaliðar og einn með stúdentspróf, aðrir eru með grunnskólapróf. Einn leikskólaliði er í þroskaþjálfanámi. Matráðar eru á báðum starfsstöðvum, hvor í 75% stöðu. Tveir starfsmenn hafa starfað við ræstingar, einn á hvorri starfsstöð. Í kjölfar breytingar í kjarasamningi á uppmælingu vegna ræstinga sögðu þeir starfi sínu lausu frá og með 30. júní 2016. Ræstingar voru boðnar út í júní 2016.

4.2 Fundir

Sameiginlegir deildarstjórafundir fyrir báðar starfsstöðvar voru haldnir reglulega yfir skólaárið samkvæmt starfsáætlun. Einnig voru haldnir deildarstjórafundir á hvorri starfsstöð fyrir sig. Á þeim sitja aðilar stjórnunarteymis þar sem farið er yfir skólastarfið.

Nokkrir deildarfundir voru haldnir en deildarstjórar sjá um skipulagningu þeirra. Deildirnar hjálpast að til að hægt sé að halda þessa fundi sem eru í hálf tíma í senn.

Starfsmannafundur var haldinn á starfsdegi í ágúst og nóvember og tveir fundir voru haldnir í námsferð á starfsdögum í mars.

Aðrir sameiginlegir fundir í Árborg eru: Leikskólastjórafundir eru fyrsta þriðjudag í mánuði, sérkennslustjórafundir eru þriðja fimmtudag í mánuði, fræðsluteymi samvinna á milli skólastiga og fræðsluteymi samvinna á milli leikskóla.

4.3 Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun

Hér má sjá yfirlit yfir það sem gert var á skipulagsdögum 2015-2016

Skipulagsdagar	Tilgangur	Tímabil	Klst.	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Staðsetning
1. starfsdagur Haustþing FL og FSL	Haustþing Fjölbreytt örnámskeið og fyrirlestrar um skólastarf	2. október 2015	8	Dagvinna/akstur yfirvinna fyrir þá sem ekki vinna á föstudögum	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Selfoss
½ starfsdagur Kl. 12-16	Auka þekkingu og gera markmið og áætlun að Grænfána Fræðsla frá Landvernd kl. 12-14:30 Starfsmannafundur 15:00-16.	19. nóvember 2015	4	Dagvinna	Allir starfsmenn Innifalið í aðild að verkefni sem er 25.000 kr. fyrir árið.	Leikskólastjóri	Brimver/Æskukot
½ starfsdagur	Skyndihjálpi kl. 12-16 Rauði kross Íslands	18. janúar 2016	4	Dagvinna/yfirv. og akstur Námskeiðsgjald er 78.600 kr.	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Selfoss
3. starfsdagar Námsferð til Birmingham	Kynning á námsgögnum og fyrirlestrar um skólastarf	17.-21. mars 2016	24	Dagvinna Verð á man ferð og ráðstefna 123.000 kr. Greitt með styrk frá KÍ, Sveitamennt og Mannauðsjóði Samflots.	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Birmingham
1. starfsdagur Skólalagur Árborgar	Fjölbreytt örnámskeið og fyrirlestrar um skólastarf í leik- grunn- og framhalds.	27. apríl 2016	8	Dagvinna/yfirv.	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Stokkseyri

Símenntun á skólaárinu 2015-2016

Önnur símenntun	Tilgangur	Tímabil	Klst.	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Staðsetning
Ráðstefna Lubba	Auka þekkingu	31. ágúst 2015	7	Dagvinna	Deildarstjóri	Deildarstjóri	Reykjavík
Tölvunámskeið Heimasíða	Auka þekkingu	Sept. 2015		Dagvinna/akstur	Deildarstjórar Leikskólastjóri	Leikskólastjóri	Selfoss
Hljóm-2	Fá Hljóm-2 réttindi	Haust 2015	8	Dagvinna/akstur Námskeiðsgjald	2 kennarar	Leikskólastjóri	Reykjavík
Skráning í Heilsubók barnsins	Skráningar, innihald og hvernig kennari getur nýtt sér upplýsingar í Heilsubók barnsins.	28. sept. 2015	2	Samtök heilsuleikskóla Dagvinna/akstur	Deildarstjórar	Leikskólastjóri Deildarstjórar	Kópavogur
Námskeið fyrir nýtt starfsfólk leikskóla	Auka þekkingu og skilning	14., 21. og 28. okt. 2015	6	Dagvinna	4 starfsmenn	Leikskólastjóri	Ráðhús Árborgar, Selfossi
Þróun lærdómssamfélagsins í Árborg Anna Kristín Sigurðardóttir	Að horfa inn á við um innleiðingu breytinga og skoða leiðir sem hægt er að fara til að hvetja til samvirks náms starfsmanna skólans.	30. október 4. des. 2015	10	Dagvinna	Leikskólastjóri Staðgenglar	Leikskólastjóri Staðgengill	Selfoss
Sérkennslustjóri		Janúar 2016	8	Dagvinna/akstur	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	Reykjavík
Stærðfræði PALS		Febrúar 2016	2	Dagvinna	2 deildarstjórar Sérkennslustjóri Leikskólastjóri	Leikskólastjóri Þátttakendur	Selfoss
Ráðleggingar um mataræði frá landlækni		3. mars 2016	2	Yfirvinna matráða	2 matráðar Leikskólastjóri	Leikskólastjóri Þátttakendur	Selfoss
		3. mars 2016	1,5	Dagvinna og yfirvinna	2 deildarstjórar		Stokkseyri BES
Námskeið matseðlar/næring Heilsustefnan				Dagvinna 50.000 kr. Námskeið, uppskriftir og matseðlar unnir út frá ráðleggingum um mataræði/næringu fyrir börn	2 matráðar Leikskólastjóri	Leikskólastjóri Þátttakendur	Reykjavík
PALS-Lestur		22. júní 2016		Dagvinna	4 deildarstjórar Leikskólastjóri	Leikskólastjóri Þátttakendur	Selfoss

5. Börn

5.1 Fjöldi barna (aldur og dvalartímar)

Fjöldi barna í leikskólanum í desember 2015 eftir árgöngum og dvalartíma. Á skólaárinu voru nokkrir nemendur sem hófu leikskóladvöl fyrir eins árs aldur.

Fæðingarár	Alls
2010	11
2011	12
2012	9
2013	10
2014	8
Samtals	50

Dvalartímar	Fjöldi barna
4 tímar	1
5 tímar	1
6 tímar	1
7 tímar	13
8 tímar	31
9 tímar	3
Nemendur samtals	50

5.2 Nemendur sem njóta sérkennslu

Þau börn sem falla undir viðmið um sérkennslu fengu hana og var hún skipulögð af sérkennslustjóra og deildarstjórum inni á deildum. Einnig hjá sérkennslustjóra og talmeinafræðingi frá skólaþjónustu Árborgar og í gegnum fjarþjálfun hjá talmeinafræðingi hjá Tröppu ehf.

„Trappa býður upp á talþjálfun fyrir börn og fullorðna í gegnum fjarbúnað. Talþjálfun hefur verið stunduð í mörg ár í Bandaríkjunum í gegnum tölvu og er nú orðin að veruleika á Íslandi. Einstaklingar setjast niður í skóla eða heima en talmeinafræðingur er staðsettur á skrifstofu Tröppu í Aðalstræti í Reykjavík. Aðgengi eykst til muna og tími talmeinafræðinga og aðstandenda nýtist betur auk þess sem þekking yfirfærir til sérfræðinga í skólum eða heilbrigðisstofnunum. Trappa er í samstarfi og í þróunarvinnu með öðrum sérfræðingum að auki“ (Sótt 18. júní 2016 á vefslóð: <https://trappa.is/>).

Heilsubók barnsins er einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn í leikskólanum. Skráningar í hana eru gerðar tvisvar á ári og eru foreldraviðtöl haldin í kjölfar skráningar.

TRAS (Tíðlig registrering af sprákuþvöling) er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni sem gerð er reglulega fyrir hvern nemanda er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Orðaskil-málþroskapróf, höfundur: Elín Þöll Þórðardóttir - Um áramót 2016 var ákveðið að fá foreldra í Árborg til að fylla út Orðaskil rétt áður en barnið verður þriggja ára. Þetta málþroskapróf byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka. Sérkennslustjóri les úr niðurstöðum og setur af stað viðeigandi íhlutun með deildarstjóra og foreldrum ef ástæða er til.

Hljóm-2, höfundar: Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir er lagt fyrir öll elstu börn leikskólans að hausti og unnið með nemendum út frá niðurstöðum þeirra. Prófið er í leikjaformi og kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Prófbættir eru: rím, samstöfur (atkvæði), samsett orð, hljóðgreining, orðhlutaeyðing og margræð orð. Niðurstöður sýna mjög slaka færni, slaka færni, meðal færni eða góða færni miðað við jafnaldra.



6. Foreldrasamstarf

6.1 Markmið og áherslur

Aðalmarkmið foreldrasamstarfsins er að eiga traust og opin samskipti við alla foreldra, að foreldrar finni að þeir eru alltaf velkomnir með börnin sín í leikskólann og geti talað við starfsfólk. Einnig að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

6.2 Foreldrafundir

Kynningarfundir voru haldnir að hausti fyrir foreldra á báðum starfsstöðum, 17. september í Æskukoti og 18. september í Brimveri. Skólastarfið var kynnt og foreldrar fengu afhentan kynningarbækling, skóladagatal og dagskipulag deilda. Aðalfundur foreldrafélaga var haldinn 29. september.

6.3 Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl voru tvisvar á skólaárinu, á haustönn og vorönn. Skráningar í Heilsubók barnsins voru gerðar í október 2015 og mars 2016 og voru foreldraviðtöl tekin í kjölfar skráningar þar sem foreldrar hittu deildarstjóra og hópstjóra. Foreldrum stendur ávallt til boða að fá viðtalstíma við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra þegar þeir óska eftir því.

6.4 Fréttabréf

Fréttabréf voru gefin út sjö sinnum yfir skólaárið. Fréttir voru settar á heimasíðu leikskólans, á tilkynningartöflur deilda og með tölvupósti.

6.5 Foreldrafélög

Foreldrafélögin eru tvö við leikskólann í Brimveri og Æskukoti. Allir foreldrar eru í foreldrafélagi. Foreldrafélögin starfa sem traustur bakhjarl leikskólans og markmið þeirra er að efla samstarf heimila og leikskóla. Foreldrafélögin hafa staðið að aðventuhátíðum í leikskólanum, jólaföndri fyrir börn og foreldra, páskaeggjaleit, gefið nemendum útskriftargjafir, tekið þátt í skipulagningu vorhátíða og boðið upp á rútuferðir að hausti og vori. Foreldrafélögin hafa unnið vel saman á skólaárinu.

6.6 Foreldraráð

Við leikskólann Brimver/Æskukot er sameiginlegt foreldraráð. Foreldraráð er lögboðinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á framfæri við skólastjórnendur varðandi innihald, áherslur og skipulag skólastarfsins. Góð samvinna var með foreldraráðinu, þau komu að málefnum leikskólans og höfðu starfsáætlun og annað sem kemur að skólastarfinu til umsagnar. Á fundi foreldraráðs voru starfsreglur foreldraráðs samþykktar.

7. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

7.1 Samstarf við skólaþjónustu

Við höfum átt gott samstarf við skólaþjónustu Árborgar. Þar höfum við unnið með sérkennsluráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi og kennsluráðgjafa. Skólaþjónustan hefur staðið fyrir fræðslufundum sem starfsfólk nýtti sér.

7.2 Samstarf við grunnskóla

Mjög gott samstarf hefur verið við BES á skólaárinu. Þrír elstu árgangar leikskólans hafa í vetur farið í reglulegar heimsóknir í skólabókasafnið í BES á Stokkseyri með kennurum sínum. Elstu nemendur leikskólans fóru oftast og fóru þeir nokkrum sinnum í heimsókn á skólavist þar sem þau dvöldu fyrir hádegi. Umhverfisnefnd skólans hélt sína sameiginlegu fundi í BES. Vorskóli var 18., 19., og 20. apríl fyrir elstu nemendur leikskólans. Þeir tóku líka þátt í Barnabæ ásamt kennurum sínum frá 30 maí – 3. júní.

Jólaball leikskólans var haldið í Barnaskólanum á Stokkseyri 17. desember 2015. Þetta var í fyrsta sinn sem haldið er sameiginlegt jólaball leikskólans. Það var gaman að hafa alla saman á jólaballi og fá að njóta góðrar aðstöðu og móttöku sem okkur var boðið upp á í skólanum. Foreldrar/forráðamenn voru hvattir til að fylgja sínu barni á jólaballið og gekk það mjög vel og var þátttakan góð.

Á starfsdegi í ágúst og við afhendingu Grænfánans fengum við afnot að húsnæði og aðstöðu í BES.

Við erum ánægð með gott samstarf við starfsfólk og stjórnendur í BES og sjáum marga möguleika til að efla það samstarf enn frekar.

Lokaorð

Skólaárið 2015-2016 hófst með breytingum þar sem M. Sigríður Jakobsdóttir, leikskólastjóri, fór í leyfi og undirrituð tóku við. Skólastarfið hefur gengið mjög vel þar sem góð samvinna einkennir starfsmannahópinn. Lögð hefur verið áherslu á samvinnu á milli starfsstöðva Brimvers/Æskukots og við BES, einnig hefur áhersla verið á læsi í skólastarfi og innleiðingu Grænfánans. Mikilvægur þáttur í að efla lærdómssamfélag skólans er að vera þátttakendur í þeirri samvinnu sem á sér stað á milli skóla hér í Árborg og skólaþjónustu Árborgar. Áhersla á samvinnu og samstarf hefur skilað aukinni þekkingu í starfið og ánægju. Á komandi skólaári er mikilvægt að hlúa enn frekar að samvinnu og starfsþróun og gera ráð fyrir tíma til að sinna þeirri vinnu. Hafin er vinna við að uppfæra skólanámskrána sem stefnt er að verði langt komin á vorönn 2017.

Í sumarlokun leikskólans 1. júlí gerðist sá sorglegi atburður að nemandi skólans, Hjalti Jakob Ingason f. 02.05.11, lést af slysförum. Andlát Hjalta Jakobs er sár missir sem mun fara með okkur inn í nýtt skólaár og verður mikilvægt að hlúa vel að samfélagi skólans, nemendum, foreldrum og starfsfólki. Prestarnir sr. Guðbjörg Árnadóttir, sr. Axel Á. Njarðvík og sr. Kristján Björnsson hafa veitt aðstoð. Einnig höfum við haft aðgang að Írisi Böðvarsdóttur, sálfræðingi hjá áfallateymi HSU, og ráðgjöfum skólaþjónustu Árborgar. Minning um góðan vin með brosið sitt bjarta mun fylgja okkur og styrkja.

Mikilvægt er að horfa björtum augum til framtíðar og njóta og nýta hverja stund eins vel og hægt er, þar sem lífið og tíminn er dýrmæt gjöf.

Að lokum vill undirrituð þakka samstarfsfólki, nemendum, foreldrum og öllum þeim sem hafa komið að og stutt við skólastarfið, kærar þakkir.

Stokkseyri, 30. ágúst 2016

Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri
